



SÁLF2IN05(1)

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almenn sálfræði
Námsáætlun

Vorönn 2022

Kennari:	Erla Brimdís Birgisdóttir (EBB) erla@fsu.is
----------	---

Áfangalýsing:

Áfanginn er kynning á sálfræði, nokkrum helstu undirgreinum hennar og aðferðum sálfræðinnar. Undirgreinar sem kynna má eru hugfræði, atferlisfræði, lífeðlisleg sálfræði, persónuleikasálfræði, félagssálfræði, þroskasálfræði, afbrigðasálfræði, dularsálfræði og tilraunasálfræði. Nemendur skulu kynnast fræðilegum og hagnýtum aðferðum sálfræðinnar; aðferðum við rannsóknir, skrifum og birtingu rannsóknarskýrslna, sálfræðimeðferð og -ráðgjöf og hvernig einstaklingur getur beitt aðferðum sálfræðinnar fyrir sjálfan sig. Setja skal efni og aðferðir í samhengi við nútíma samfélag bæði það sem er að gerast innan sálfræðinnar og sýna hvernig sálfræðin kemur daglegu lífi við.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þróun sálfræði og tengslum við aðrar fræðigreinar
- grundvallarhugmyndum sem móta kenningar í sálfræði
- leiðum sálfræði til að útskýra hugsun, hegðun og tilfinningar einstaklinga
- helstu tegundum náms og algengustu námsörðugleikum
- helstu rannsóknaraðferðum í sálfræði og hagnýtu gildi sálfræðinnar

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- skilja umfjöllun um helstu hugmyndir sem mótað hafa sálfræðina
- beita algengustu hugtökum sálfræðinnar á skilmerkilegan hátt
- skoða eigin hegðun og annarra út frá grundvallarhugmyndum sálfræðinnar
- skoða eigin hugsun og tilfinningar út frá grundvallarhugmyndum sálfræðinnar
- tjá þekkingu sína munnlega og skriflega

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir mótunaráhrifum umhverfis
- gera sér grein fyrir samspili hugsunar, tilfinninga og hegðunar
- tjá sig skipulega um einstaka efnisþætti á gagnrýnin hátt
- geta greint mikilvægi upplýsinga og hagnýtt sér þær.
- geta gert einfalda rannsókn og skilið og greint frá niðurstöðum á skilmerkilegan hátt

Námsefni:

- *Inngangur að sálfræði* eftir Kristján Guðmundsson og Lilju Ósk Úlfarsdóttir.
- ljósrit,
- annað efni sem að kennari bendir á,
- gögn á netinu o.fl.,

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1.	6. janúar – 7. janúar	<ul style="list-style-type: none"> - Kennsla hefst fimmt. 6. janúar. - Námsáætlun áfangans kynnt 	
2 - 3	10. janúar – 21. janúar	<ul style="list-style-type: none"> - 1.kafli – Hvað er sálfræði? - 2. kafli – Þróun greinarinnar. 	Tímaverkefni
4 - 5	24. janúar - 4. febrúar	<ul style="list-style-type: none"> - 3. kafli – Ólíkar stefnur - Annað efni frá kennara 	Tímaverkefni Podcast-verkefni 1. próf
6 - 7	7. febrúar - 18. febrúar	<ul style="list-style-type: none"> 4. kafli - Námsálfræði - Annað aukaefni frá kennara 	<u>Heimildaritgerð/verkefni</u>
8 - 9	21. febrúar – 4. mars	<ul style="list-style-type: none"> - 5. kafli – Hugræn sálfræði - Annað aukaefni frá kennara 	Tímaverkefni PPT – verkefni 2. próf
10 - 11	7. mars - 18. mars	<ul style="list-style-type: none"> - 6. Kafli – Rannsóknir í sálfræði - Annað aukaefni frá kennara 	Tímaverkefni Rannsóknarverkefni
12 -14	21. mars – 8. apríl	<ul style="list-style-type: none"> - 7. kafli – Sjálfsmynd og samskipti. - Annað aukaefni frá kennara 	Tímaverkefni Hópverkefni 3. <u>próf</u>

15 -	11. apríl – 15. apríl	Páskafrí	
16 - 17	20. apríl – 29. apríl	- Annað efni - Geðheilbrigði	Lokaverkefni
18	2. maí – 6. maí	- Skrap	Sjúkrapróf Síðustu skil á verkefnum.

Sérreglur áfangans:

Til þess að standast kröfur áfangans verða nemendur að taka öll **3** aðalpróf hans og ná meðaleinkunninni 4,5 sem er jafnframt sú lágmarkseinkunn sem nemendur þurfa að ná sem heildareinkunn áfangans. Nemendur fá 0 fyrir þau verkefni sem ekki er skilað. Kennara ber ekki skylda til að taka við verkefnum eftir að tilskilinn skiladagur þeirra er liðinn hjá, þó hvetur kennari hvetur nemendur til að vera í sambandi við sig ef eitthvað kemur uppá.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kaflapróf	3. kaflapróf á önninni	50%
Verkefnamappa	Word skjal með öllum verkefnum, öllum verkefnum skilað í skilahólf fyrir hvert próf	15%
Verkefni	Heimildaverkefni	15%
Verkefni	Lokaverkefni	10%
Ástundun	Virkni, mæting og þátttaka	10%
Samtals		100%

Ath. að dagsetningar geta breyst. Tilkynnt verður um próf með a.m.k. viku fyrirvara, bæði í tímum og í Innu.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.